



Reykjavík, 12. desember 2022

Umsögn um 43. mál, 153. löggjafarþing 2022–2023

Tillaga til þingsályktunar um skjaldarmerki frá 1881 á framhlið Alþingishússins.

Væntanlega ríkir breið sátt um að þær endurbætur á Alþingishúsinu sem kunna að verða gerðar á komandi árum miði að því „[...] að húsið sé sem næst í upphaflegu horfi frá því það var reist 1881“, líkt og lagt er til í fram kominni þingsályktunartillögu. Einnig skal tekið undir með flutningsmönnum tillögunnar um að komandi „[...] kynslóðir eiga rétt á því að þekkja söguna og þau mannvirki og kennileiti sem bera henni vitni, þar á meðal Alþingishúsið í upphaflegri mynd.“

Á hinn bóginn er ekki endilega ljóst að skjaldarmerkin tvö sem lagt er til að komið verði fyrir á ný á framhlið hússins hafi verið fastur hluti af ytri gerð þess þótt þau hafi vissulega hangið þar á vígsludegi og í rúmlega tvo áratugi eftir það. Þá skal á það bent að núverandi framhlið hússins hefur fyrir löngu áunnið sér fasta hefð og helgi í huga þjóðarinnar og þykir ekki rétt að hrófla við henni nú með þeim hætti sem lagt er til með tillögunni. Á það skal einnig bent að merki Kristjáns IX Danakonungs þrýðir enn húsið og virðist það fullnægjandi til að halda sögulegum tengslum landanna tveggja á lofti. Þar sem þetta merki er og verður vonandi áfram til staðar virðist borið í bakkafullan læk að koma skjaldarmerki Danmerkur einnig fyrir á húsinu. Sama máli gildir um löngu aflagt merki „handhafa valds á Íslandi frá fyrri öldum“.

Markmiðum tillögunnar um að halda til haga því útliti sem Alþingishúsið hafði fyrstu árin virðist mega ná með því að mynd af framhlið hússins, eins og hún var þá, sé jafnan að finna á vefsvæði Alþingis og má í því sambandi benda á teikningu þá sem fylgir tillögunni. Sögufélag mælir því ekki með tillögu um að setja upp að nýju skjaldarmerki sem þrýddu framhlið Alþingishússins á vígsludegi þess 1. júlí 1881.

f.h. stjórnar Sögufélags

Brynhildur Ingvarsdóttir,
framkvæmdastjóri